



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við vígslu á Húsi íslenskunnar
við Arngrímsgötu**

19. apríl 2023

... Þeim var ég verst er ég unni mest. ... Nú falla öll vötn til
Dýrafjarðar ... Svo skal böll bæta að bíða annað meira ... engin
hornkerling vil ég vera ... Enginn má sköpum renna.

Forsætisráðherra, ráðherrar og þingmenn,
borgarstjóri og forstöðumaður Árnastofnunar,
aðrir góðir gestir.

Hér erum við á gleðistund – í húsi íslenskrar tungu sem fær nú fallett nafn.
Holan er horfin, húsið er risið! Til hamingju öll sömul, til hamingju Íslendingar
og aðrar þjóðir um leið, því að sagnaarfurinn sem varðveittist á þessari eyju er
markvert framlag til heimsmenningarinnar.

Ég rakti hér af handahófi orð úr Íslendingasögum – orð sem við gefum
okkur að fólk kannist við og vonum að svo verði áfram. Handrit okkar eru á sinn
hátt hornsteinar þessa húss – handrit sem geyma eina helstu stoðina í
menningararfi okkar. Já, við ætlum áfram að geyma handritin, en ekki bara
geyma þau í læstum og eldraustum hirslum. Við ætlum að halda áfram að njóta
þeirra, læra af þeim, skoða þau og endurskoða, því að þau eru í senn lifandi og
ævafor.

Í *Konungsbók* segir að þau séu „allt sem gerir okkur að þjóð“ – í
Konungsbók Arnaldar Indriðasonar, það er að segja! Hvernig stendur á þessu?
Frægt er það sem fræðimaðurinn Jón Ólafsson úr Grunnavík sagði á sinni tíð að
mætti segja um efni Íslendingasagna: „Bændur flugust á.“ En gleymum ekki
hinu sem hann bætti við: „En patriotinn svarar: Hvað kunni að vera meira
söguefni á slíku landi?“

Og við eigum meira: Við eigum riddarasögur og fornaldarsögur, biskupasögur og lögbækur, rímur og hvers kyns kveðskap, bréf og annað sem ritað var fyrr á öldum. Það fór vel um handritin á Árnagarði en ekki var til þess ætlast að þau yrðu þar um aldur og ævi. Jóhannes Nordal, sem nýlega féll frá, var formaður byggingarnefndar Árnagarðs forðum, og nú tekur Guðrún, dóttir hans, við nýju heimili handritanna.

Já, það var að sönnu gleðistund þegar handritin komu heim fyrir rúmri hálfri öld og fengu þá sinn sess í Árnagarði. Um leið getum við þakkað fyrir þann alþjóðlega áhuga sem var og er á okkar sagnaarfi – enda er hann líka sprottinn úr alþjóðlegum jarðvegi. Í honum tengist saman hið þjóðlega og hið alþjóðlega. Í þessu húsi kemur líka saman hið þjóðlega og alþjóðlega, í hönnun og því lífi og starfi sem hér verður stundað. Sjaldan eða aldrei hafa eins margir útlendingar verið við nám í miðaldafræðum á Íslandi, kannski fleiri en Íslendingar sem nú læra íslensku á háskólastigi.

Og svo þurfum við að huga að samspili fræðafólks og fróðleiksfúss almennings; til þess er þetta hús líka tilvalið. Hér munu fræðapulir geta setið við sín borð, nærri sínum bókum, hugsað í næði, rannsakað, ályktað og samið sín verk. Eitt sinn var óttast að með öllum sínum fræðum og kenningum, með allri sinni efahyggju, hefði fræðasamfélagið slitið þann þráð sem þarf að vera milli sagnaarfsins og fólksins í landinu. Ég held ekki að sá þráður hafi slitnað og ég held líka að við getum gert hvort tveggja, að rýna í handritin og draga í efa gömul sannindi ef svo ber undir en virða um leið það sem vel hefur verið gert í þeim fræðum í tímans rás. Stilla má bæði efahyggju og aðdáun á hinu nýja í hóf.

Hér í þessu húsi geymist og lifir okkar arfur, á okkar tungu. En hann heillar svo marga fleiri. Við höfum notið Tolkiens og töfraheims hans í bókum og bíómyndum. Við njótum líka Krúnuleikanna og Avengers-mynda og myndasagna, svo að nokkur nærtæk dæmi séu nefnd þar sem finna má tengingu við fornan sagna- og kvæðaarf okkar. Nánast á hverri síðu, í hverjum ramma, birtist norrænn sagnaarfur, heimur Eddukvæða, tröll, álfar og æsir. Þessa braut getum við fetað áfram, með fólki úti í heimi.

Kæru vinir: Hér verður íslenskt mál sett í öndvegi, íslenskur sagnaarfur, og hér verðum við því líka hugmyndafrjó og skapandi, víðsýn og umburðarlynd. Ég þakka öllum þeim sem komu að gerð þessa húss og óska öllum sem hér munu vinna velfarnaðar. Og svo er það stóra spurningin hvað húsið á að heita en ég efa ekki að fallett nafn verður fyrir valinu. Það veit ég fyrir víst því að satt er það sem skáldið kvað, „ég skildi að orð er á Íslandi til / um allt sem er hugsað á jörðu“.

Aftur til hamingju, öll sömul.